

Reykjavík  
26. janúar 2021

### Hafnarfjarðarbær

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

### Efni: Fyrirhuguð nýbygging Tækniskólans

Eins og þér er kunnugt um er byggingarnefnd Tækniskólans í umboði stjórnar Tækniskólans að skoða möguleika á því að byggt verði nýtt skólahús á höfuðborgarsvæðinu sem hýsi alla starfsemi skólans á einum stað. Tækniskólinn er í dag starfræktur í 9 húsum á 6 stöðum í Reykjavík og í Hafnarfirði, er með rúmlega 270 starfsmenn og yfir 3000 nemendur veturinn 2020-2021.

Nýbygging og nútímavæðing á húsnæði skólans á einum stað mun gera skólann meira aðlaðandi fyrir nemendur, ekki síst úr grunnskóla, sem standa frammi fyrir vali á framhaldsskólanámi og velja nú að stærstum hluta bóknám umfram starfsnám. Mikill samfélagslegur ávinningur gæti náðst fram með fjölgun nemenda í starfs- og tækninámi, sér í lagi fjölgun nemenda sem koma beint inn eftir grunnskóla.



Ofangreind markmið og áherslur ríkisins ríma við þær áskoranir sem stjórnendur Tækniskólans telja að skólinn þurfi að takast á við á næstu árum. Gagngerar endurbætur í húsnæðismálum skólans gegna mikilvægu hlutverki í þessu sambandi.

Stjórn og framkvæmdastjórn Tækniskólans hafa nú unnið að málinu í rúm 3 ár og fengu verkfræðistofuna EFLU til að annast frumþarfagreiningu og gera grófa kostnaðaráætlun nýbyggingar og kostnaðarmat á núverandi húsnæði. Að neðan fara helstu forsendur sem stuðst er við:

- **Byggt verði nýtt skólahúsnæði Tækniskólans sem rými alla starfsemi skólans á einum stað**
  - Húsið verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu
  - Staðsetning skólahúsnæðisins verði vel tengd við leiðakerfi almenningssamgangna og umferðarkerfi
- **”Skólastræti” – lifandi gata**
  - Yfirbyggð göngugata myndi hjarta eða slagæð skólans
  - Skólum Tækniskólans verði raðað umhverfis strætið
  - Skipulag og hönnun verði aðlöguð að starfsemi einstakra skóla og námsgreina
  - Öll sameiginleg aðstaða verði fyrirtaks, svo sem íþróttaaðstaða og útisvæði til hreyfingar, upplýsingamiðstöð, mótuneyti/kaffihús, fyrirlestrasalir og aðstaða fyrir félagslíf nemenda.
  - Lögð er áhersla á sýnileika, birtu og góða hljóðvist.
  - Auðvelt verði að breyta rýmum, aðlaga og breyta í takt við þróun námsgreina og atvinnulífs
  - Möguleiki sé á annarri skólatengdri starfsemi við „strætið“
  - Skólinn verði hjarta samfélagsins í kring og opinn fyrir ýmissi samfélagstengdri starfsemi
- **Stærðir nýrrar skólabyggingar ásamt aðliggjandi starfssvæðum**
  - Áætluð stærð nýs skólahúss er 25-30 þúsund fermetrar í fyrsta áfanga. Ger þarf ráð fyrir rými til framtíðarþróunar
  - Byggt verði á tveim til þremur hæðum

- Gera þarf ráð fyrir rúmgóðri lóð sem rými framangreint auk rúmgóðs bílasvæðis neðanjarðar og/eða aðgengis að bílastæðahúsi
  - Gera þarf ráð fyrir að til framtíðar verði hægt að reisa nemendagarða við eða í nágrenni nýs skóla
- **Nemenda- og starfsmannafjöldi**
    - Áætlaður nemendafjöldi í nýbyggingu er um 2500-3000 í dagskóla með möguleika á fjölgun í 5000 með auknum húsakosti
    - Áætlaður starfsmannafjöldi 300+

Stjórn og byggingarnefnd Tækniskólans lítur svo á að nýbygging fyrir skólann verði veruleg lyftistöng fyrir starfs- og iðnnám í landinu en langt er um liðið síðan reist hefur verið skólahúsnaði sérhannað fyrir samþættingu starfs-, iðn- og bóknáms með þeim hætt sem fyrirhugað er. Þá yrði slíkur skóli ótvírátt mikill ávinningur fyrir bæjarfélagið.

Í framhaldi af viðræðum við þig og þína starfsmenn á liðnum misserum um mögulega staðsetningu nýbyggingar Tækniskólans í Hafnarfirði er þess hér með farið á leit að Hafnarfjarðarbær staðfesti áhuga bæjarins á að skólinn verði staðsettur í Hafnarfirði. Einnig er óskað eftir formlegri afstöðu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um staðsetningu skólans á lóð í suðurhöfn Hafnarfjarðar sem rætt hefur verið um og sést á meðfylgjandi mynd af hafnarsvæðinu.

Óskað er eftir að Hafnarfjarðarbær staðfesti einnig vilja til aðkomu að nýbyggingu Tækniskólans í samræmi við reglur sem gilda um kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga við byggingar framhaldsskóla.

Byggingarnefnd Tækniskólans er tilbúin til viðræðna um málið og veitir frekari upplýsingar.

#### **Virðingarfyllst,**

**Guðmundur Kristjánsson**  
Formaður byggingarnefndar  
Tækniskólans

**Egill Jónsson**  
Formaður stjórnar  
Tækniskólans

**Hildur Ingvarsdóttir**  
Skólameistari  
Tækniskólans

